

# Samþykktir fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

## I. kafli. Sameiginleg ákvæði

### 1. gr. Nafn og heimili

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn tók til starfa 1. nóvember 1944 og nefndist þá Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands.

### 2. gr. Hlutverk sjóðsins

Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum II. kafla samþykktu þessara.

Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

### 3. gr. Sjóðfélagar

Sjóðfélagar eru þeir sem voru starfsmenn Búnaðarbanka Íslands 31.12.1997, áttu þá að baki a.m.k. 6 ára réttindi í Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands og tilkynntu sjóðnum ekki fyrir 1. júní 1998 að þeir óskuðu eftir flutningi frá A-deild sem þá var til samkvæmt reglugerð sjóðsins. Jafnframt eru sjóðfélagar þeir starfsmenn annarra stofnana, sem áttu rétt á þátttöku í sjóðnum samkvæmt sérstökum samningum, sem gerðir voru við eftirlaunasjóðinn fyrir 31.12.1997.

Að auki eru þeir, sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, eða eiga geymd réttindi í sjóðnum umfram 6 ár, sjóðfélagar.

Eftirtaldir eru ekki sjóðfélagar:

- Þeir starfsmenn, sem bankaráð hefur tryggt lífeyrisrétt á annan hátt
- Þeir starfsmenn, sem ekki sinna daglegum bankastörfum
- Þeir starfsmenn, sem eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum vegna starfs síns hjá bankanum
- Þeir fyrrum sjóðfélagar B-deildar sem við slit á deildinni fluttu greiðsluskyldu vegna ávinnings lífeyrisréttinda yfir í Lífeyrissjóð bankamanna
- Nýir starfsmenn bankans

### 4. gr. Um stjórn og framkvæmdastjóra

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Fundur sjóðfélaga skal kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara. Arion banki hf. skal tilnefna einn stjórnarmann og einn til vara. Stjórnarmenn og varamenn þeirra skulu kosnir á ársfundi til tveggja ára í senn og skal tilnefning þess stjórnarmanns sem tilnefndur er af Arion banka hf. og varamanns hans ekki vera til skemmri tíma hvert sinn. Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt sig úr stjórn og skal segja sig úr stjórn bresti hann hæfi samkvæmt lögum eða samþykktum þessum. Óheimilt er að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu nema hann bresti hæfi til að gegna stjórnarsetu samkvæmt lögum eða samþykktum þessum. Tilkynna skal stjórn sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðun þess efnis með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði eða samþykktir. Þurfi aðalmaður eða varamaður að stíga til hliðar skal kjósa á næsta aðalfundi til þess tíma sem eftir stóð af stjórnarsetu viðkomandi ef viðkomandi var kjörin af sjóðfélögum. Ef viðkomandi var tilnefndur af Arion banka skal Arion banki tilnefna nýjan einstakling á næsta aðalfundi.

Stjórnarmenn í lífeyrissjóði skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi eða í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnslulaga.

Stjórn skiptir með sér verkum, kys sér formann og ákveður röðun kjörinna varamanna sem taka sæti í forföllum kjörinna aðalmanna, varamaður tilnefnds stjórnarmanns tekur sæti í hans forföllum. Stígi aðalmaður niður fyrir

lok kjörtímabils skal varamaður taka sæti fram að næsta ársfundi. Á fyrsta fundi nýs aðalmanns skal stjórn skipta með sér verkum að nýju. Stjórn sér um rekstur sjóðsins samkvæmt samþykktum þessum.

Stjórn sjóðsins er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund eða tekur þátt í fundi með aðstoð rafrænna miðla. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Stjórn sjóðsins kemur fram fyrir hönd sjóðsins og skuldbindur hann.

Stjórn sjóðsins hefur eftirlit með og ber ábyrgð á rekstri sjóðsins. Stjórnin skal jafnframt::

- Semja við löggilta endurskoðendur um endurskoðun sjóðsins
- Móta fjárfestingarstefnu sjóðsins
- Setja reglur um upplýsingagjöf varðandi rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins
- Ákveða hver skuli vera fulltrúi af hálfu sjóðsins í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis nema lög mæli annað
- Láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins.
- Boða til ársfundar
- Gera tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins á ársfundi

Stjórn sjóðsins hefur heimild til að bjóða fulltrúum hópa sjóðfélaga og/eða fulltrúum rekstraraðila að sitja stjórnarfundum sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim og samþykktum þessum sbr. 29. gr. laga nr. 129/1997.

Stjórnarmenn, endurskoðendur og aðrir þeir sem koma að störfum sjóðsins, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Stjórnin skal halda gjörðabók og skrá í hana allar samþykktir.

Stjórnin ber ábyrgð á skipun lánanefndar sjóðsins sem tekur afstöðu til umsókna sjóðfélaga um skilmálabreytingar og aðrar breytingar þegar veittra lána skv. lánareglum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar í samræmi við 2. mgr. 108. gr. a. laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

Arion banki hf. skal annast daglegan rekstur sjóðsins skv. sérstöku samkomulagi sem stjórn sjóðsins og Arion banki hf. gera þar að lútandi. Þetta samkomulag skal sent Fjármálaeftirlitinu eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til kynningar.

## **5. gr. Ársfundir**

Skylt er stjórn sjóðsins að boða til ársfundar sjóðfélaga fyrir lok júní ár hvert.

Stjórnin skal boða ársfundinn með minnst viku fyrirvara með bréfi eða á annan sannanlegan hátt. Í fundarboði skal geta dagskrár. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað. Skylt er stjórninni að boða til aukaársfundar, ef meirihluti stjórnar telur ástæðu til, eða ef sjóðfélagar sem að eiga samanlagt 10% af atkvæðamagni í sjóðnum krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Aukaársfund skal boða á sama hátt og ársfund. Um fundarsetu og atkvæðisrétt á aukaársfundum gilda sömu reglur og á ársfundi.

Á ársfundi skal gerð grein fyrir skýrslu stjórnar vegna liðins starfsárs, ársreikningum sjóðsins fyrir sama tímabil, tryggingafræðilegri athugun, fjárfestingarstefnu sjóðsins, og tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Skýrsla stjórnar skal greina öll þau atriði sem fram koma í 41. gr. laga nr. 129/1997 og skýrsluna skal senda Fjármálaeftirlitinu þegar eftir undirritun ársreiknings.

Á sjóðfélagafundi skal annað hvert ár kjósa fulltrúa í sjóðstjórn.

Hver sjóðfélagi skal hafa eitt atkvæði á ársfundi. Sjóðfélagar eiga einir atkvæðisrétt á ársfundi.

#### **Dagskrá ársfundar:**

- a. Skýrsla stjórnar.
- b. Kynning á ársreikningi.
- c. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun.
- d. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- e. Kosning tveggja stjórnarmanna og varamanna þeirra, annað hvert ár.
- f. Kjör endurskoðanda.
- g. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 22. greinar.
- h. Laun stjórnarmanna.
- i. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

#### **6. gr. Reikningar, endurskoðun og afgreiðsla**

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem sjóðstjórn velur.

Stjórn sjóðsins skal gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru fyrir starfrækslu hans, afgreiðslu, reikningshald, innheimtu tekna og greiðslu lífeyris, en heimilt er henni að semja við banka, verðbréfafyrirtæki eða annan lífeyrissjóð um fjárvörslu og aðra þætti starfseminnar.

Stjórnin semur ársreikning fyrir lok marsmánaðar næsta árs eftir reikningsárið og leggur hann fyrir endurskoðendur sjóðsins er ljúka skulu athugun hans fyrir lok næsta mánaðar. Skal ársreikningur liggja frammi á aðalstarfsstöð Arion banka hf., eða þeim er hann vísar til, til athugunar fyrir sjóðfélaga. Ársreikningur skal sendur Fjármálaeftirlitinu þegar eftir undirritun hans.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, svo og reglum nr. 335/2015, um ársreikninga lífeyrissjóða.

Við sjóðinn skal starfa endurskoðunarnefnd. Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir ársfund, og starfar í samræmi við 108. gr. a.-d. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

#### **7. gr. Skipting rekstrarkostnaðar**

Sá rekstrarkostnaður sem ekki er borinn af bankanum skal greiddur af sjóðnum.

#### **8. gr. Athugun á fjárhagsstöðu sjóðsins**

Stjórn sjóðsins skal árlega, fyrir ársfund skv. 5. gr., fá greinargerð tryggingafræðings um fjárhagsstöðu sjóðsins. Skal slík greinargerð byggð á tryggingafræðilegri athugun sem unnin skal í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997, ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 svo og lög og reglur sem um tryggingafræðilega athugun lífeyrissjóða gilda hverju sinni.

Hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meiri munur sé á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar en miðað er við í lögum nr. 129/1997 er stjórn lífeyrissjóðsins skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Við ákvarðanir er varða lífeyrisréttindi verður þó að taka tillit til ákvæða 3. mgr. 10. gr.

## 9. gr. Ávöxtun fjár sjóðsins

Sjóðurinn er ekki deildarskiptur. Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans. Skal hún ávaxta það á sem bestan hátt að teknu tilliti til öryggis sjóðsins og áhættudreifingar. Um fjárfestingarheimildir sjóðsins gilda ákvæði VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eins og þau eru á hverjum tíma, svo og aðrar opinberar reglur og réttarheimildir sem í gildi eru hverju sinni.

## II. kafli. Um sjóðinn

### 10. gr. Iðgjöld

Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum í iðgjöld til sjóðsins og skal fjárhæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra. Enginn skal þó greiða til sjóðsins lengur en 40 ár.

Arion banki hf. greiðir 14,4% af sömu launum sjóðfélaga í iðgjöld til sjóðsins svo lengi sem sjóðfélagi er starfandi hjá bankanum. Iðgjöld bankans greiðast samtímis því, að iðgjöld sjóðfélaga eru greidd sjóðnum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er bankanum heimilt að lækka mótframlag sitt tímabundið, um 1% í 13,4%, ef það tryggingafræðilega mat sem unnið er fyrir sjóðstjórn með reglubundnum hætti samkvæmt lögum gefur til kynna að staða sjóðsins teljist vera svo sterk að hægt sé tímabundið að lækka mótframlag bankans án þess að skerða réttindi.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 7. og 9. mgr. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðasjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 10. grein laga nr. 88/2003. (Um er að ræða stjórnarmenn og stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis, maka þeirra og skyldmenn, skv. nánari reglum stjórnar Ábyrgðasjóðs launa).

Eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti skal senda sjóðfélögum og réttihöfum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum og upplýsingum samkvæmt þessari grein með rafrænum hætti þar sem rafrænar auðkenningar sjóðfélaga er krafist, en við rafræna birtingu upplýsinga sem teljast almenns eðlis þarf þó ekki að krefjast auðkenningar sjóðfélaga. Slíkar upplýsingar verða almennt að finna á heimasíðu sjóðsins. Sjóðfélaga er þó ávallt frjálst að óska eftir að fá ofangreind gögn og upplýsingar á pappírformi sé að kostnaðarlausu.

Sendu skal lokaaðvörun til launagreiðanda ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hans hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga. Formlega innheimtu skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaaðvörunar.

Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðenda. Lokaaðvörun til launagreiðenda skal senda innan 90 daga frá dagsetningu yfirlits samkvæmt 4. mgr.

### 11. gr. Ellilífeyrir

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjald til lífeyrissjóðsins samanlagt í 6 ár eða lengur og orðinn er 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum. Skal ellilífeyrinn nema ákveðnum hundradshluta af umreiknuðum meðallaunum síðustu 5 almanaksára hans í starfi miðað við fullt starf. Skal umreikningurinn miðast við breytingu á launavísitölu, útgefinni af Hagstofu Íslands frá meðaltali almanaksársins til næsta mánaðar eftir að látið er af starfi. Liggi vísitala mánaðar ekki fyrir skal notast við síðustu reiknuðu vísitölu. Eftir að taka lífeyris hefst breytist fjárhæð mánaðarlega í hlutfalli við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Þegar kemur að töku ellilífeyris skulu reiknuð áunnin réttindi sjóðfélaga aukin um 2% m.v réttindi í árslok 2014, 10% til viðbótar m.v. réttindi í árslok 2015, 5% til viðbótar m.v réttindi í árslok 2020 og 6% til viðbótar m.v réttindi í árslok 2021. Þá skulu heildar reiknuð áunnin réttindi við töku ellilífeyris aukin um 14%. Réttindin taka eftir það breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar. Í viðauka IV er kveðið á um áhrif þessara breytinga á réttindi sjóðfélaga sem byrjað hafa töku ellilífeyris eða látið af störfum áður en ákvarðanir um réttindaaukningu samkvæmt framangreindu töku gildi.

Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi fyrr á starfstíma sínum, skal lífeyrir hans miðast við umreiknuð meðallaun hans síðustu 5 almanaksárin áður en hann lét af því starfi enda er sú viðmiðun sjóðfélaganum hagstæðari en umreikningur samkvæmt 1. mgr.

Fyrir starfstíma í fullu starfi skal hundraðshluti lífeyris vera 2,125% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, en hlutfallslega lægri fyrir tímabil í lægra starfshlutfalli, þar til 85% hámarks eftirlaunahlutfalli er náð.

Sjóðfélagi sem náð hefur 60 ára aldri og hefur samanlagðan 95 ára aldur og starfstíma, getur hafið töku eftirlauna, eins og þau reiknast samkvæmt framangreindu. Við töku ellilífeyris ráðstafar sjóðfélagi elli- og örorkulífeyrisréttindum sínum endanlega og á því ekki sjálfstæðan rétt til örorkulífeyris eftir það.

Einnig er sjóðfélagi heimilt að hætta iðgjaldagreiðslum til sjóðsins og hefja töku eftirlauna áður en hann nær 65 ára aldri þótt hann uppfylli ekki ákvæði 4. mgr. þessarar greinar, en þó ekki fyrr en hann er orðinn 60 ára. Skal þá fjárhæð eftirlauna lækka sbr. töflu 1 í Viðauka III. Eftir að 65 ára aldri er náð mun fjárhæð ellilífeyris ekki taka breytingum til hækkunar umfram breytingar á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar, sbr. 2. mgr. 11. gr.

Starfstími sjóðfélaga telst sá tími sem greidd hafa verið iðgjöld til sjóðsins. Sá tími þarf ekki að vera samfelldur.

Hefji sjóðfélagi töku ellilífeyris, en haldi áfram störfum, geta lífeyrisiðgjöld hans ekki runnið til sjóðsins. Sjóðfélagar geta því ekki á sama tíma þegið ellilífeyri frá sjóðnum og greitt til hans iðgjöld.

Sjóðfélagi sem uppfyllir ákvæði 1. og 5. mgr. þessarar greinar og ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku ellilífeyris í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. 5. mgr. Ákvæði 6. mgr. skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 65 ára aldur. Sjóðfélagi sem orðinn er 65 ára getur frestað töku hálf lífeyris til allt að 80 ára aldurs. Ákvæði 6. mgr. skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 65 ára aldri er náð.

Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris við gildistöku þessa ákvæðis getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020 farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gilda ekki ákvæði 1. og 5. mgr. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæða 1. og 5. mgr. Sjóðfélagi sem nýtir sér ákvæði þetta telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum endanlega samkvæmt ákvæði 5. mgr.

## **12. gr. Örorkulífeyrir**

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef trúnaðarlæknir lífeyrissjóðsins metur örorku hans meira en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyris við starfstíma og laun með sama hætti og segir í 11. gr. Örorkulífeyrir breytist eftir að taka hans hefst með sama hætti og ellilífeyrir.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkvæmt 2. mgr. sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum þrátt fyrir örorku.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta sjóðnum í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Sjóðnum er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber sjóðnum að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en bankans.

Sjóðurinn tryggir áhættudreifingu vegna örorkuáhættu hjá Vörður tryggingar hf.

### **13. gr. Makalífeyrir**

Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands og lífeyrissjóðsins samanlagt í ár eða lengur.

Upphæð lífeyris skal nema 10/17 af áunnum eftirlaunarétti sjóðfélaga samkvæmt útreikningi í 11. gr. og breytist með sama hætti.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum eða úr einhverjum öðrum lífeyrissjóði. Sama regla gildir, ef hinn eftirlifandi maki býr samvistum með karli eða konu, meðan samvistum er eigi slitið.

### **14. gr. Barnalífeyrir**

Börn og kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og eru yngri en 18 ára, skulu fá mánaðarlegan lífeyri úr sjóðnum þar til þau eru fullra 18 ára. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Börn og kjörbörn sjóðfélaga, sem verður öryrki, öðlast sama rétt og greinir í 2. mgr., þó þannig að lífeyrisgreiðsla til þeirra skal nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. mgr., sem örorka sjóðfélaga er metin.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

### **15. gr. Greiðsla við andlát**

Dánarbú látins sjóðfélaga á rétt á greiðslu úr sjóðnum við lát hans að fjárhæð, er samsvari 2/3 hlutum mánaðarlauna samkvæmt hæsta launaflokki bankaritara samkvæmt kjarasamningi bankamanna. Skal þessi greiðsla lögð inn á launareikning hins látna.

### **16. gr. Iðgjaldagreiðslur falla niður**

Nú lætur sjóðfélagi í lifandi lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri eða starfi, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og telst hann þá áfram sjóðfélagi í 6 mánuði eftir að iðgjaldagreiðslur falla niður, enda hafi iðgjöld ekki verið endurgreidd á því tímabili.

Réttur til elli- og örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt greiðsla iðgjalda vegna sjóðfélaga hafi verið hætt, en miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 11.-13. gr. Réttur til töku lífeyris fyrir 65 ára aldur þegar samanlagður aldur eða starfstími sjóðfélaga nær 95 árum fellur þó niður, nema því aðeins að samanlagður aldur og starfsaldur hafi náð 95 árum áður en iðgjaldagreiðslum lauk.

### **17. gr. Eldri réttindi**

Lífeyrir sjóðfélaga, sem öðlast höfðu rétt til lífeyris úr Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands og nutu slíks lífeyris í desember 1997 eða fengu síðar úrskurðaðan lífeyri fyrir þann mánuð, skal frá þeim tíma breytast mánaðarlega í hlutfalli við launavísitölu frá vísitölu desembermánaðar 1997.

Réttindi sjóðfélaga, áunnin í eftirlaunasjóði Búnaðarbankans fram til ársloka 1997, skulu reiknuð í samræmi við ákvæði 3. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 13 gr., enda var hlutaðeigandi í starfi hjá bankanum þann 1.1.1998.

Réttindi sjóðfélaga, sem þann 1.1.1998 áttu geymdan rétt í eftirlaunasjóðnum og greitt höfðu til hans iðgjöld í 6 ár eða lengur miðast við áunnin lífeyrisrétt 7.-9. greinar reglugerðar eftirlaunasjóðs bankans frá 24. mars 1992 og eru þær greinar hluti samþykktu þessara hvað þessa sjóðfélaga varðar. Sjóðstjórn úrskurðaði, hver viðmiðunarlaun voru í desembermánuði 1997, en frá þeim tíma breytast þau á sama hátt og segir í 1. mgr.

### **III. kafli. Ýmis ákvæði**

#### **18. gr. Verndun lífeyrisréttinda**

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt samþykktum þessum, og ekki má leggja á þær lögald né gera í þeim fjárnám. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

#### **19. gr. Tilhögun lífeyrisgreiðslna**

Að fenginni skriflegri umsókn greiðist lífeyrir mánaðarlega fyrirfram, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndast, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðnum skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

#### **20. gr. Málsmeðferð og Gerðardómur**

Um málsmeðferð í ágreiningsmálum sjóðfélaga gangvart lífeyrissjóðnum gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við á, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku.

Vilji sjóðfélagi, annar réttihafi lífeyrisgreiðslu eða fjárhaldsmaður ólöggráða réttihafa ekki hlíta úrskurði sjóðstjórnar um mál, er hann hefur skotið til hennar, getur hann lagt málið fyrir gerðardóm. Skal hann þá tilkynna sjóðstjórninni það innan 6 vikna frá því hann fékk tilkynningu um úrskurð hennar. Jafnframt skal hann tilnefna gerðardómsmann, en sjóðstjórn tilnefnir annan af sinni hálfu. Þeir velja síðan oddamann, en geti þeir ekki komið sér saman um oddamanninn, skal hann tilnefndur af Fjármálaeftirliti. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Kostnaður við gerðardóm skiptist milli aðila eftir mati dómsins. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer að öðru leyti samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

#### **21. gr. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.**

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum samþykktu sjóðsins í því skyni að koma í veg fyrir að réttindi falli niður, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn réttindatíma. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrr en þeir hafa hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

#### **22. gr. Breytingar á samþykktum**

Til breytinga á samþykktum þessum þarf meirihluta greiddra atkvæða á sjóðfélagafundi ásamt staðfestingu Arion banka hf. Breytingar á iðgjöldum til sjóðsins eru háðar samþykki þeirra sem fara með kjarasamninga fyrir hönd aðila að sjóðnum.

Tillögur til breytinga á samþykktum þessum má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. einum mánuði fyrir ársfund og/eða aukaársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal, a.m.k. tveimur vikum fyrir ársfund og/eða aukaársfund, senda sjóðfélögum tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta framkominna tillagna um breytingu á samþykktum í fundarboði sbr. 2. og 3. mgr. 5. gr.

Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins skulu kynntar sjóðfélögum fyrir sjóðfélagafund. Slíkar tillögur skulu bornar undir atkvæði á fundinum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera þær breytingar á samþykktum þessum sem beinlínis leiða af lögum eða eru nauðsynlegar til þess að sjóðurinn geti fengið starfsleyfi og breytingar á samþykktum staðfestar.

### **23. gr. Upplýsingaskylda**

Sjóðnum er skylt, eigi síðar en 15. apríl ár hvert að tekjuári liðnu, að gera ríkisskattstjóra grein fyrir því iðgjaldi sem greitt hefur verið til sjóðsins fyrir hvern sjóðfélaga vegna næstliðins árs. Skal greinargerðin vera á sérstakri sundurliðun.

Á sundurliðun skal koma fram nafn sjóðfélaga og launagreiðanda hans, kennitölur og iðgjaldshluti sjóðfélaga.

Sundurliðunin skal vera á tölvutæku formi á rafrænum segulmiðli eða eftir beinlínusambandi lífeyrissjóðs og ríkisskattstjóra.

### **24. gr. Um flutning réttinda**

Sjóðnum er heimilt að samþykkja skriflega beiðni sjóðfélaga um að iðgjöld og réttindi sem þeim fylgja verði flutt til annars lífeyrissjóðs þegar að töku lífeyris kemur.

Sjóðnum er heimilt að samþykkja skriflega beiðni um endurgreiðslu iðgjalda til erlends ríkisborgara þegar hann flyst úr landi enda brjóti slíkt eigi í bága við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að.

Við flutning réttinda skv. 1. og 2. mgr. telst viðkomandi aðili ekki lengur sjóðfélagi.

### **25. gr. Gildistaka**

Samþykktir þessar voru samþykktar á ársfundi þann 2. maí 2023. Breytingarnar taka gildi 1. september 2023, þó eigi fyrr en að fenginni staðfestingu ráðherra, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997.

### **26. gr. Bráðabirgðaákvæði**

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 11. greinar um að eftirlaun skuli miðast við umreiknuð meðallaun sjóðfélaga síðustu 5 almanaksár hans í starfi skulu eftirlaun sjóðfélaga, sem láta af störfum í lok desember 1997 eða janúar 1998 og hefja þá töku lífeyris samkvæmt 11. gr., miðast við laun þeirra síðasta mánuðinn í starfi. Eftirlaun þeirra sem láta af störfum á tímabilinu frá febrúarlokum 1998 til ársloka 2002 og hefja töku lífeyris, skulu miðast við umreiknuð meðallaun þeirra frá ársbyrjun 1998 til loka þess mánaðar, er þeir láta af störfum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. um 4% iðgjaldagreiðslur starfsmanna, skulu ákvæði 3. mgr. 5. gr. reglugerðar Eftirlaunasjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands frá 24. mars 1992 gilda áfram um þá er nutu þeirra réttinda 31.12.1997 og eru þau hluti samþykktu þessara eftir því sem við á.

### **Viðauki I**

A-deild, nú lífeyrissjóðurinn, tók við öllum áföllnum skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands í árslok 1997, en bankinn lagði lífeyrissjóðnum til það fé, sem þá var talið á vanta, þannig að jöfnuður væri milli eigna og skuldbindinga eftirlaunasjóðsins. Við uppgjör var miðað við niðurstöðu tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 1997 miðað við 3% ársvexti. Um greiðslutilhögun fór eftir nánara samkomulagi milli bankans og lífeyrissjóðsins og miðað var við að þau skuldabréf sem bankinn afhenti sjóðnum bæru markaðskjör.

### **Viðauki II**

Eftirfarandi er samkomulag milli Búnaðarbanka Íslands hf. og Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, sem birt er í samþykktum þessum í heild sinni og telst hluti af þeim:

„Búnaðarbanki Íslands hf., kt. 490169-1219, Austurstræti 5, Reykjavík og Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf., kt. 510169-4339, Austurstræti 5, Reykjavík, gera hér með sér eftirfarandi:



## SAMKOMULAG

Samhliða breytingu Búnaðarbanka Íslands í Búnaðarbanka Íslands hf. var fyrirkomulagi lífeyrisréttinda starfsmanna bankans breytt um áramótin 1997-1998 með þeim hætti að í stað þáverandi Eftirlaunasjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands kom lífeyrissjóður sem nefndist Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands. Skiptist sjóðurinn til að byrja með í tvær fjárhagslega sjálfstæðar deildir, A-deild, sem svaraði til fyrrverandi eftirlaunasjóðs bankans, og B-deild, sem var hliðstæð þorra lífeyrissjóða starfsfólks á almennum vinnumarkaði. Í júní 1999 voru öll áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. (þ.á.m. öll geymd réttindi), önnur en réttindi sjóðfélaga í A-deild, flutt yfir í Lífeyrissjóð bankamanna.

Samhliða stofnun Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf., og yfirfærslu lífeyrisréttinda starfsmanna í sjóðinn, fór fram uppgjör vegna mats á eignum og lífeyrisskuldbindingum sjóðsins auk þess sem mótframlag bankans var hækkað úr 8 % í 14,4% af föstum launum til að sjóðurinn gæti staðið undir skuldbindingum sínum til framtíðar. Voru framangreindar aðgerðir taldar tryggja að ekki yrði halli á rekstri sjóðsins til framtíðar. Í tengslum við framangreint uppgjör, breytingar á mótframlagsgreiðslu Búnaðarbancans og samþykktum sjóðsins var bakábyrgð íslenska ríkisins á rekstri sjóðsins felld niður.

Í ljós hefur komið að þær forsendur sem tryggingafræðilegir útreikningar vegna framangreinds uppgjors byggðu á hafa breyst verulega. Þannig hafa almenn laun hækkað mun meira umfram verðlag en gert var ráð fyrir auk þess sem ýmislegt bendir til að fleiri sjóðfélagar muni nýta sér 95 ára regluna en gert var ráð fyrir við uppgjörið. Því er ljóst að 14,4% mótframlag bankans er ekki nægjanlegt að óbreyttu þrátt fyrir að ávöxtun eigna lífeyrisjóðsins hafi gengið betur en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Hér skiptir miklu máli að lífeyrisréttindi sjóðfélaga eru beintengd grunnlaunum þeirra. Ef grunnlaun hækka þá hækkar lífeyrisskuldbinding vegna viðkomandi starfsmanns hjá sjóðnum um sömu prósentutölu. Í dag getur Búnaðarbancinn einhliða ákveðið hækkun grunnlauna þeirra starfsmanna sem eru í lífeyrissjóðnum og þannig valdið verulegri hækkun á lífeyrisskuldbindingu sjóðsins án þess að sjóðurinn fái til sín fé til að standa undir skuldbindingunni sem af grunnlaunahækkuninni. Þetta fyrirkomulag er óásættanlegt fyrir lífeyrissjóðinn þar sem óheftar grunnlaunahækkningar geta sligað sjóðinn og neytt hann til að skerða réttindi allra sjóðfélaga, líka þeirra sem ekki hafa fengið hækkun grunnlauna umfram kjarasamninga. Í ljósi þessa er þetta samkomulag milli lífeyrissjóðsins og Búnaðarbancans gert.

Búnaðarbancí Íslands hf. lýsir því yfir að bankinn muni taka tillit til framangreinds við launabreytingar starfsmanna bankans sem eru sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna Búnaðarbancans Íslands hf. Komi til hækkunar á starfskjörum þessara starfsmanna, umfram almennar launahækkningar skv. kjarasamningi bankamanna, skuldbindur Búnaðarbancinn sig til að láta slíkar hækkningar ekki koma fram í föstum grunnlaunum (þ.e. viðmiðunarlaunum lífeyrisréttinda) heldur í öðrum greiðslum sem ekki breyta réttindum frá lífeyrissjóðnum. Af þeim viðbótargreiðslum skuldbindur bankinn sig hins vegar til að greiða 13 % (6% + 7%) mótframlag við 4 % framlag starfsmanns í séreignarlífeyrissjóð að vali starfsmanns enda séu þær viðbótargreiðslur útfærðar með þeim hætti að landslög kveði á um að greiða skuli í lífeyrissjóð af þeim greiðslum. Ákveði Búnaðarbancinn, þrátt fyrir framangreint, að hækka föst grunnlaun þessara starfsmanna skuldbindur bankinn sig til að greiða viðbótarframlag til lífeyrissjóðsins sem nægir, að mati tryggingarstærðfræðings, til að standa undir þeirri viðbótarlífeyrisskuldbindingu sem verður til við hækkun launa umfram kjarasamningsbundnar launahækkningar. Í viðauka 1 er listi yfir þá starfsmenn sem hér um ræðir ásamt launaflokk og launaviðmiðun gagnvart lífeyrissjóðnum þann 1.1.2003.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins skal gera úttekt á grunnlaunaþróun þessara aðila reglulega, fyrst miðað við 31.12.2007 og síðan á 5 ára fresti. Sé tryggingafræðileg staða sjóðsins á skoðunartíma þannig að heildarskuldbinding sjóðsins sé lægri en endurmetin hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris mun sjóðurinn ekki fara fram á greiðslu framlags frá bankanum vegna launahækkana starfsmanna sem hafa hækkað í grunnlaunum um einn launaflokk (3,4%) eða minna umfram kjarasamninga. Dæmi um útfærslu á þessu má sjá í viðauka 2.

Samhliða þessu samkomulagi skuldbindur lífeyrissjóðurinn sig til að fylgja mjög varfærni fjárfestingarstefnu í anda þeirrar fjárfestingarstefnu sem gildir fyrir árið 2003 sjá viðauka 3 eða þaðan af varfærnari stefnu. Jafnframt skuldbindur bankinn sig til að sinna áfram eins og verið hefur undanfarna áratugi þeim verkþáttum sem sjóðurinn óskar eftir án endurgjalds. Hér er átt við kostnað af almennum rekstri sjóðsins utan kostnað vegna

tryggingarstærðfræðings, vinnu Fjármálaeftirlits og vinnu ytri endurskoðanda en útlagður kostnaður vegna þeirra verkþátta er á fjárhagslegri ábyrgð sjóðsins.

### Viðauki III

Tafla 1 - Hlutfallsleg lækkun eftirlauna þegar taka þeirra hefst fyrir 65 ára aldur skv. 5. mgr. 11. gr. samþykka sjóðsins.

Aldur þegar taka lífeyris hefst	Lækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals lækkun
60-61	0,35%	60	27,0%
61-62	0,40%	61	22,8%
62-63	0,45%	62	18,0%
63-64	0,50%	63	12,6%
64-65	0,55%	64	6,6%

Reykjavík 10.1.2003

Sólon Sigurðsson, Árni Tómasson

F.h. Búnaðarbanka Íslands

Jóhannes Ingvarsson,  
Ársæll Hafsteinnsson,  
Sigurjón Árnason

F.h. Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

### Viðauki IV – yfirlit yfir sérstakar breytingar á réttindum

29. maí 2013; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2013 skulu aukin um 14% miðað við réttindi í árslok 2012 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2013. Frá og með þeim degi taka áunnin réttindi breytingum í samræmi við breytingu vísitölu neysliverðs til verðtryggingar. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2013.
27. maí 2015; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2015 skulu aukin um 2% miðað við réttindi í árslok 2014 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2015. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2015.
25. maí 2016; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2016 skulu aukin um 10% miðað við réttindi í árslok 2015 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2016. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013 og 27. maí 2015. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2016.
29. júní 2021; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2021 skulu aukin um 5% miðað við réttindi í árslok 2020 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013 og 27. maí 2015 og 25. maí 2016. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir janúarmánuð 2021.
1. júní 2022; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2022 skulu aukin um 6% miðað við réttindi í árslok 2021 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013 og 27. maí 2015, 25. maí 2016 og 29. júní 2021. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir janúarmánuð 2022.

Hafi ráðherra ekki samþykkt aukninguna fyrir framangreindar dagsetningar þá frestast framkvæmd þeirra til fyrsta næsta dags næsta mánaðar eftir að samþykkt liggur fyrir.

Öllu framangreindu til staðfestingar er skjal þetta undirritað með fullgildri rafrænni undirritun. Rafræn undirritun skjalsins er í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Reykjavík 26. júní 2023

Stjórn LSBÍ  
Ársæll Hafsteinsson – formaður stjórnar  
Brynja Þorbjörnsdóttir  
Tryggvi E. Geirsson

F.h. Arion banka hf.  
Benedikt Gíslason